



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2021

Forsíðumynd: Horft til suðausturs yfir deiliskipulagssvæðið að Hákonarstöðum 2.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir landeigendur að Hákonarstöðum
Desember 2021

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	4
DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	4
FORNLEIFASKRÁNINGIN.....	5
HÁKONARSTAÐIR.....	5
NÍÐURSTAÐA	6
HEIMILDIR	7

Abstract

Archaeological registration was done by Sagnabrunnur in August 2021 at Hákonarstaðir, Jökuldalur, Múlaþing, East-Iceland. The archaeological registration is nr. 2734. No archaeological remains (or historical information about archaeological remains) were found in the registration area.

Inngangur

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. vann að fornleifaskráningu fyrir landeigendur að Hákonarstöðum vegna vinnu við deiliskipulag og var Halla Eiríksdóttir fulltrúi verkkaupa.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið í landi Hákonarstaða afmarkað með rauðu.

Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið er á um eins hektara svæði á túni norðan við Hákonarstaði 3.

Fornleifaskráningin

Fornleifaskráningin sem hér er unnin hlaut minjanúmerið 2734 hjá Minjastofnun Íslands. Áður hafa verið unnar eftirfarandi fornleifaskráningar á svæðinu:

- Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.
- Adolf Friðriksson og Ragnar Eðvardsson. (2001). „Kárahnjúkavirkjun. Fornleifar og vatnafar.“ Fornleifastofnun Íslands. FS150-00062.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.
- Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf.
- Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur. Viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á mili Hákonarstaða og Merkis.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir fór á vettvang þann 28. ágúst 2021.

Hákonarstaðir

Jörðin er samkvæmt Landnámabók landnámsjörð Hákonar sem nam dalinn vestan Jökulsár. Jarðarinnar er einnig getið í Fljótsdæla sögu og í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 getur um bænhús að Hákonarstöðum. Þá var bærinn í Möðrudalssókn.¹ Í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* getur um fjölda fornra rústa að Hákonarstöðum. Þriggja metra vegghleðslur komu til að mynda í ljós þegar grafið var fyrir súrgrýfju, þá fannst axarblað á um 3 m dýpi (nú glatað). Bæjarhóllinn að Hákonarstöðum (NM-120:001) er talinn vera um 50 m norður af núverandi íbúðarhúsi að Hákonarstöðum 2. Árið 1911 stóðu sjö hús að Hákonarstöðum með þilstöfnum fram á hlað. Baðstofan var alþiljuð 13x5 álnir, fjórskipt og sérlega vönduð, svo og önnur bæjarhús, 9x6 álnir. Baðstofan var rifin um 1970, hún stóð þá ófúin og stóðst hallarmál.

¹ Ármann Halldórsson, 1973. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 295-297; J. Johnsen. 1847; *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, bls. 359; Páll Pálsson, 1997. *Múlaþing*, 24, „Teikningar af bæjum í Jökuldal“.

Bænhúshóll (NM-120:002) stóð þar sem nýja íbúðarhúsið að Hákonarstöðum 2 var reist, en kirkjugarður var í kringum Bænhúshól.² Á hlaði gamla bæjarins er Brunnhúshóll og Brunnur þar sem nú liggur Þjóðvegur.³



Mynd 2. Deiliskipulagssvæðið merkt inn með rauðu og fornleifar sem mældar voru í annarri fornleifaskráningu (í vinnslu) merktar inn með gulu. Þær eru allar utan þess svæðis sem hér er til fornleifaskráningar.

Ábúendur að Hákonarstöðum, Halla Eiríksdóttir, Sigvaldi Ragnarsson og Páll H. Benediktsson gáfu skýrsluhöfundi upplýsingar um staðsetningu örnefna og fornleifar. Á mynd 2 má sjá fornleifar merktar inn með gulu (bæjarhól, Smiðjuhól, hlaðvarpa, bænhús, kirkjugarð, útihús, brunnur, Náttmálahólsvegur, Ullarballi – kort í vinnslu) sem mældar voru inn vegna annars fornleifaskráningarverkefnis hjá Hákonarstöðum 2 og 3. Þær minjar eru allar utan deiliskipulagssvæðisins sem nú er til fornleifaskráningar.

Niðurstaða

Engar friðaðar né friðlýstar minjar fundust á deiliskipulagssvæðinu.

² Orri Vésteinnsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999. *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu. Svæðisskráning*, bls. 71; Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 268-269; Íslenskt fornbréfasafn DI VII, 189.

³ *Örnefnaskrá Hákonarstaða í Jökuldal*, 1973.

Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). „Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.“ Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Helgi Hallgrímsson. (1993-2000). *Náttúru- og menningarminjar í Austfirðingafjórðungi*. Vegna skógræktar. [Óbirt, varðveitt hjá Skógrækt ríkisins].

Hjörleifur Guttormsson (2018). *Upphérað og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands.

Íslenskt fornbréfasafn, I-XVI. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Páll Pálsson. 1997. „Teikningar af bæjum á Jökuldal.“ Múlaþing 24: 147-156. Héraðsnefnd Múlasýslna, Egilsstöðum.

Túnakort (1918) *Hákonarstaða* í Jökuldalshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Efri-Jökuldal.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur. Viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á milli Hákonarstaða og Merkis.“ Sagnabrunnur ehf.

Örnefnaskrá. (1975). *Skrá yfir örnefni að Hákonarstöðum í Jökuldal*, Örnefnastofnun.